ERNST & YOUNG

# Byggðastofnun

## Árshlutareikningur janúar - júní 2012

Ártorg 1
550 Sauðárkrókur

Kt. 450679-0389

# Efnisyfirlit


| | |
|---|---|
| Könnunaráritun óháðra endurskoðenda...................... | 1 |
| Áritun og skýrsla stjórnar Byggðastofnunar................ | 2 |
| Rekstrarreikningur.................................................... | 3 |
| Efnahagsreikningur................................................... | 4 |
| Sjóðstreymi............................................................... | 6 |
| Skýringar.................................................................. | 7 |

# Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og forstjóra Byggðastofnun

Við höfum kannað meðfylgjandi árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið 1. janúar - 30. júní 2012. Árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn sem byggir á

## Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum stofnunarinnar ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

## Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á tímabilinu, efnahag hennar 30. júní 2012 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana.

Sauðárkróki, 31. ágúst 2012

Ernst & Young ehf.

Árni Snæbjörnsson
löggiltur endurskoðandi

# Áritun og skýrsla stjórnar Byggðastofnunar

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi stofnunarinnar er að veita lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni meðal annars að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða að lífvænlegar byggðir fari í eyði.

Samkvæmt rekstrarreikningi nam tap af rekstri stofnunarinnar 206,4 milljónum króna á tímabilinu. Eigið fé í lok tímabilsins samkvæmt efnahagsreikningi var 1.809,9 milljónir króna. Eiginfjárhlutfall samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki var 10,12%.

Alþingi samþykkti í fjárlögum 2012 heimild til að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að 2.000 milljónir króna. Af því framlagi voru 1.750 milljónir króna greiddar til stofnunarinnar í janúar 2012.

Stjórn stofnunarinnar, forstjóri og forstöðumaður rekstrarsviðs staðfesta hér með árshlutareikning Byggðastofnunar fyrir tímabilið janúar-júní 2012 með undirritun sinni.

Sauðárkróki, 31. ágúst 2012

Forstöðumaður rekstrarsviðs

Forstjóri

# Rekstrarreikningur janúar - júní 2012

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | Skýr. | 2012 janúar - júní | 2011 janúar - júní |
|---|---|---|---|
| **Vaxtatekjur** | | | |
| Vaxtatekjur af kröfum á lánastofnanir | | 53.795 | 29.852 |
| Vaxtatekjur og verðbætur af útlánum | | 655.177 | 668.942 |
| | | 708.972 | 698.795 |
| **Vaxtagjöld** | | | |
| Vaxtagjöld og verðbætur af lántökum | | 390.977 | 366.200 |
| Önnur vaxtagjöld | | 566 | 590 |
| | | 391.543 | 366.790 |
| **Hreinar vaxtatekjur** | | 317.429 | 332.005 |
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Framlag ríkissjóðs skv. fjárlögum | | 154.350 | 143.004 |
| Annað framlag ríkissjóðs | 6 | (750) | 5.000 |
| Gengismunur | | (103.647) | 41.579 |
| Aðrar rekstrartekjur | | 17.589 | 6.462 |
| | | 67.542 | 196.045 |
| **Hreinar rekstrartekjur** | | 384.971 | 528.050 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Veitt framlög til atvinnuráðgjafa | | 79.267 | 73.081 |
| Veittir aðrir styrkir | | 3.429 | 7.500 |
| Laun og launatengd gjöld | 3,4 | 96.802 | 88.753 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 69.521 | 67.425 |
| Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna | 12 | 3.436 | 2.563 |
| Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa | 2,10 | 338.957 | 273.912 |
| | | 591.411 | 513.233 |
| **Hagnaður (tap) ársins** | | (206.439) | 14.816 |

# Efnahagsreikningur

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | Skýr | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Sjóður og kröfur á lánastofnanir** | | | |
| Bankainnstæður og verðbréf | 7 | 2.200.814 | 2.464.230 |
| **Útlán** | | | |
| Útlán til viðskiptavina | 8 | 12.902.149 | 13.362.133 |
| Fullnustueignir | 9 | 959.492 | 852.859 |
| | | 13.861.641 | 14.214.991 |
| **Eignahlutir í félögum** | | | |
| Hlutabréf | 11 | 810.267 | 881.276 |
| | | 810.267 | 881.276 |
| **Aðrar eignir** | | | |
| Skuldunautar | | 24.401 | 34.110 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 12 | 62.198 | 55.157 |
| | | 86.598 | 89.266 |
| **Eignir samtals** | | 16.959.319 | 17.649.763 |

# 30. júní 2012

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | Skýr. | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|---|
| **Skuldir og eigið fé** | | | |
| **Lántökur** | | | |
| Verðbréfaútgáfa | | 5.110.506 | 4.865.650 |
| Lán frá lánastofnunum | | 9.793.657 | 12.272.240 |
| | 14 | 14.904.163 | 17.137.891 |
| **Aðrar skuldir** | | | |
| Afskriftarreikningur vegna veittra ábyrgða | 16 | 178.804 | 179.352 |
| Skuldheimtumenn | | 66.497 | 66.226 |
| | | 245.301 | 245.578 |
| **Skuldir samtals** | | 15.149.464 | 17.383.468 |
| **Eigið fé** | 2,15 | 1.809.856 | 266.295 |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | | 16.959.319 | 17.649.763 |
| **Utan efnahagsreiknings** | | | |
| Veittar ábyrgðir | 16 | 226.019 | 218.330 |

# Sjóðstreymi janúar - júní 2012

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| | 2012<br>janúar - júní | 2011<br>janúar - júní |
|---|---|---|
| **Handbært fé frá rekstri** | | |
| Hagnaður (tap) tímabilsins | (206.439) | 14.816 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé: | | |
| Framlög í afskriftarr. útlána og matsbreyting hlutabréfa | 338.957 | 273.912 |
| Afskriftir rekstrarfjármuna | 3.436 | 2.563 |
| Vextir, verðbætur og gengismunur | 233.956 | (52.360) |
| Ógreiddir styrkir | (3.707) | (5.600) |
| Handbært fé frá rekstri | 366.203 | 233.330 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | |
| Afborganir útlána | 500.890 | 195.043 |
| Veitt lán | (253.575) | (52.205) |
| Innleystar eignir | (18.179) | (5.439) |
| Hlutabréf | (50) | 296 |
| Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir | (10.477) | 0 |
| Skuldunautar | 13.416 | 6.393 |
| Fjárfestingarhreyfingar | 232.024 | 144.088 |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | |
| Afborganir af lántökum | (3.740.759) | (1.679.148) |
| Nýjar lántökur | 1.128.844 | 1.046.710 |
| Framlag ríkissjóðs | 1.750.000 | 0 |
| Skuldheimtumenn | 271 | (31.824) |
| Fjármögnunarhreyfingar | (861.644) | (664.262) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | (263.416) | (286.844) |
| **Handbært fé í ársbyrjun** | 2.464.230 | 1.875.859 |
| **Handbært fé í lok tímabils** | 2.200.814 | 1.589.015 |

# Skýringar

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## 1. Upplýsingar um stofnunina

Byggðastofnun er lánastofnun, kt. 450679-0389 og er megin starfsemi stofnunarinnar fólgin í útlánum og öðrum fjárhagslegum stuðningi. Lögheimili stofnunarinnar er að Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Árshlutareikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil lánastofnana. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í þúsundum króna, nema þar sem annað er tilgreint.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði árshlutareikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir

Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í ársreikninginn. Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. júlí 2012. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í lok tímabilsins. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Gengi í lok tímabils

| | 30.06.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| EUR | 158,67 | 159,28 |
| USD | 126,04 | 123,00 |
| JPY | 1,59 | 1,59 |
| DKK | 21,35 | 21,43 |

Vísitölur í lok tímabils:

| | 1.7.2012 | 1.1.2012 |
|---|---|---|
| Vísitala neysluverðs | 398,10 | 384,60 |

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili stofnuninni framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu.

# Skýringar

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## Afskriftarreikningur útlána

Afskriftarreikningur útlána er myndaður til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánastarfsemi, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Framlög í afskriftarreikning útlána eru færð til gjalda í rekstrarreikningi að frádregnum endurgreiðslum vegna áður afskrifaðra lána.

## Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarvirði eða áætluðu gangvirði þar sem því verður við komið. Matsbreytingar eru færðar yfir rekstur.

## Fjárfestingar

Fjárfestingar stofnunarinnar eru flokkaðar í útlán og kröfur. Þær eru upphaflega metnar á gangvirði eða kostnaðarverði að viðbættum viðskiptakostnaði. Öll viðskipti stofnunarinnar vegna fjárfestinga hennar eru skráð á viðskiptadegi, sem telst sá dagur sem stofnunin hefur skuldbundið sig til viðskiptanna.

## Útlán og kröfur

Útlán og kröfur eru fjáreignir, aðrar en afleiður, sem hafa fast eða fyrirfram ákveðið greiðsluflæði og eru ekki skráðar á virkum markaði. Útlán og kröfur eru almennt metnar á kostnaðarverði.

## Skuldunautar

Kröfur á skuldunauta eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga og að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

## Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður og gjaldkræfar kröfur á lánastofnanir.

## Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Arðstekjur eru færðar þegar réttur stofnunarinnar til innheimtu liggur fyrir.

Leigutekjur af útleigu fjárfestingareigna eru færðar samkvæmt línulegri aðferð á leigutímanum.

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## 3. Laun og launatengd gjöld

| | 2012 janúar - júní | 2011 janúar - júní |
|---|---|---|
| Laun | 78.413 | 71.144 |
| Lífeyrissjóðsframlög | 9.627 | 8.778 |
| Önnur launatengd gjöld | 8.762 | 8.831 |
| Laun og launatengd gjöld alls | 96.802 | 88.753 |

Að meðaltali störfuðu 20 starfsmenn hjá stofnuninni á tímabilinu m.v. heilsársstörf, sem er óbreytt frá fyrra ári. Í lok tímabilsins voru 21 starfsmaður á launaskrá hjá stofnuninni og heilsdagsstöðugildi voru 21.

## 4. Þóknanir til stjórnar og forstjóra

Laun til stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra greinast þannig:

| | 2012 janúar - júní | 2011 janúar - júní |
|---|---|---|
| Anna Kristín Gunnarsdóttir,stjórnarform. til 22. ágúst 2011 | 0 | 828 |
| Þóroddur Bjarnason, stjórnarformaður frá 23. ágúst 2011 | 1.060 | 0 |
| Aðrir stjórnarmenn | 2.927 | 2.493 |
| Aðalsteinn Þorsteinsson, forstjóri | 6.698 | 5.301 |
| Þóknanir til stjórnar og forstjóra samtals | 10.685 | 8.622 |

## 5. Þóknanir endurskoðenda

| Þóknanir endurskoðenda greinast þannig: | 2012 janúar - júní | 2011 janúar - júní |
|---|---|---|
| Endurskoðun | 4.206 | 4.722 |
| Önnur sérfræðiþjónusta | 2.404 | 2.938 |
| Þóknanir endurskoðenda samtals | 6.610 | 7.660 |

## 6. Önnur framlög ríkissjóðs

| | 2012 janúar - júní | 2011 janúar - júní |
|---|---|---|
| Framlag ríkissjóðs v/eflingar atvinnulífs | (750) | 2.000 |
| Framlag ríkissjóðs v/atvinnuþróunarverkefna | 0 | 3.000 |
| Önnur framlög ríkissjóðs samtals | (750) | 5.000 |

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## 7. Sjóður og kröfur á lánastofnanir

| | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Bankainnstæður í íslenskum krónum | 2.190.861 | 1.475.749 |
| Bankainnstæður í erlendri mynt | 9.952 | 17.493 |
| Ríkisskuldabréf | 0 | 970.987 |
| Sjóður og kröfur á lánastofnanir samtals | 2.200.814 | 2.464.229 |

## 8. Útlán til viðskiptavina

| Sundurliðað eftir lántakendum: | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Bæjar- og sveitarfélög | 0,17% | 1,08% |
| Einstaklingar | 8,20% | 7,67% |
| Sundurliðað eftir atvinnugreinum: | | |
| Þjónustustarfsemi | 46,59% | 42,69% |
| Sjávarútvegur | 26,06% | 29,15% |
| Iðnaður | 14,33% | 15,24% |
| Landbúnaður | 4,54% | 4,08% |
| Fjármálastofnanir | 0,10% | 0,09% |
| | 100% | 100% |

Útlán greinast þannig eftir eftirstöðvatíma:

| | | |
|---|---|---|
| Gjaldkræfar kröfur | 551.124 | 731.215 |
| Allt að 3 mánuðum | 432.115 | 273.700 |
| Yfir 3 mán. og allt að 1 ári | 693.514 | 878.009 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 3.788.299 | 3.831.493 |
| Yfir 5 ár | 7.437.097 | 7.647.716 |
| | 12.902.149 | 13.362.133 |

## 9. Fullnustueignir

| | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Fasteignir | 913.192 | 827.859 |
| Skip | 25.000 | 25.000 |
| Lausafjármunir | 21.300 | 0 |
| | 959.492 | 852.859 |

## 10. Afskriftarreikningur útlána

Hreyfingar í þúsundum króna:

| | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Afskriftarreikningur í ársbyrjun | 3.273.256 | 4.542.154 |
| Framlag í afskriftarreikning á árinu | 268.446 | 591.975 |
| Endanlega töpuð útlán | (1.068.320) | (1.860.873) |
| Staða afskriftarreiknings í árslok | 2.473.381 | 3.273.256 |

| | janúar - júní | janúar - júní |
|---|---|---|
| Framlag á árinu | 268.446 | 239.618 |
| Framlag vegna ábyrgða | (548) | 9.992 |
| Breytingar á mati hlutabréfaeignar | 71.059 | 24.302 |
| Framlög í afskriftarreining skv. rekstrarreikningi | 338.957 | 273.912 |
| | | |
| Afskriftarreikningur útlána í hlutfalli af útlánum | 16,09% | 19,68% |

## 11. Hlutafjáreign

Í árslok átti Byggðastofnun eftirtalin hlutabréf sem greinast þannig eftir nafnverði og eignarhluta:

| **Fasteignarekstur** | Eignarhluti | Nafnverð |
|---|---|---|
| Ámundakinn ehf. | 13,49% | 21.000 |
| Ásgarður hf. | 13,10% | 15.000 |
| Dalagisting ehf. | 12,11% | 8.000 |
| Dýralíf ehf. | 28,92% | 4.000 |
| Fasteignafélagið Borg ehf. | 29,78% | 18.825 |
| Fasteignafélagið Hvammur ehf. | 24,86% | 16.919 |
| Grand hótel Mývatn ehf. | 7,22% | 10.000 |
| Hesthólar ehf. | 70,99% | 14.672 |
| Hótel Hellissandur hf. | 24,98% | 19.534 |
| Hótel Norðurljós ehf. | 46,40% | 2.320 |
| Hæðin á Höfðabraut ehf. | 12,28% | 2.000 |
| Tröllasteinn ehf. | 18,92% | 7.000 |
| Urtusteinn ehf. | 8,45% | 32.818 |
| **Fasteignarekstur samtals** | | 172.088 |

*framhald....*

# Skýringar

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| Ferðaþjónusta | Eignarhluti | Nafnverð |
|---|---|---|
| Brimnes hótel ehf. | 12,00% | 4.610 |
| Ferðaskrifstofa Austurlands ehf. | 5,81% | 900 |
| Hótel Flúðir hf. | 11,94% | 3.109 |
| Hótel Húsavík hf. | 0,38% | 136 |
| Hótel Valaskjálf hf. | 18,80% | 4.500 |
| Hótel Varmahlíð hf. | 13,04% | 3.000 |
| Hvalamiðstöðin Húsavík ehf. | 19,70% | 2.000 |
| Hvíldarklettur ehf. | 34,36% | 12.153 |
| Nes-Listamiðstöð ehf. | 41,67% | 5.000 |
| P/F Smyril-line | 1,53% | 40.031 |
| Rauðka ehf. | 16,67% | 2.000 |
| Snorri Þorfinnsson ehf. | 19,90% | 12.000 |
| Textílsetur Íslands ses. | 32,15% | 2.000 |
| **Ferðaþjónusta samtals** | | 91.439 |

| Fjárfestingarfélög | | |
|---|---|---|
| Eignarhaldsfélag Suðurlands hf. | 40,00% | 109.142 |
| Eignarhaldsfélag Suðurnesja hf | 19,03% | 96.840 |
| Eignarhaldsfélag Vestmannaeyja hf. | 38,77% | 7.850 |
| Fjárfestingafélagið Vör hf. | 41,83% | 35.940 |
| Hvetjandi ehf. | 49,29% | 54.469 |
| Tvídrangi ehf. | 15,27% | 4.991 |
| **Fjárfestingarfélög samtals** | | 309.232 |

| Landbúnaður | | |
|---|---|---|
| Barri hf. | 48,38% | 43.904 |
| Sláturfélag Austurlands fsvf. | 28,00% | 18.000 |
| Yrkjar ehf. | 7,29% | 1.800 |
| **Landbúnaður samtals** | | 63.704 |

| Rekstrarráðgjöf | | |
|---|---|---|
| Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða hf. | 22,10% | 1.933 |
| Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. | 1,52% | 159 |
| **Rekstrarráðgjöf samtals** | | 2.092 |

*framhald....*

# Skýringar

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

| Iðnaður | Eignarhluti | Nafnverð |
|---|---|---|
| Borg, saumastofa ehf. | 19,82% | 170 |
| Eðalís ehf. | 11,06% | 3.000 |
| Fánasmiðjan ehf. | 9,95% | 4.167 |
| Fjallalamb hf. | 10,68% | 10.000 |
| Raflagnir Austurlands ehf. | 22,37% | 3.600 |
| Trico ehf. | 33,33% | 5.000 |
| Ullarvinnsla Frú Láru ehf. | 29,76% | 2.500 |
| Vilko ehf. | 8,22% | 2.955 |
| Þörungaverksmiðjan hf. | 27,67% | 7.919 |
| **Iðnaður samtals** | | 39.311 |
| **Heilbrigðis- og líftæknifyrirtæki** | | |
| Globodent á Íslandi ehf. | 7,20% | 2.425 |
| **Heilbrigðis- og líftæknifyrirtæki samtals** | | 2.425 |
| **Sjávarútvegur** | | |
| Bernskan ehf. | 34,53% | 22.444 |
| Eignarhaldsfélagið Gláma hf. | 36,52% | 114.500 |
| Kampi ehf. | 35,35% | 23.328 |
| Reykofninn-Grundarfirði ehf. | 15,20% | 5.148 |
| Tó hf. | 10,40% | 2.667 |
| Þórsberg ehf. | 6,09% | 2.308 |
| **Sjávarútvegur samtals** | | 170.395 |
| **Upplýsingatækni** | | |
| Gagnaveita Skagafjarðar hf. | 28,71% | 51.875 |
| HotMobileMail ehf. | 24,53% | 15.000 |
| **Upplýsingatækni samtals** | | 66.875 |
| **Verslun og þjónusta** | | |
| Samkaup hf. | 2,77% | 10.801 |
| **Verslun og þjónusta samtals** | | 10.801 |
| **Hlutafjáreign samtals** | | 928.362 |

Hlutabréf eru bókfærð í ársreikningi á 810.267 þúsund krónur.

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## 12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

| | Fasteignir | Innréttingar | Bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 1/1 ............ | 70.388 | 3.219 | 12.673 | 86.280 |
| Afskrifað alls 1/1 ........ | (24.639) | (966) | (5.519) | (31.124) |
| Viðbót á tímabilinu ...... | 0 | 0 | 10.477 | 10.477 |
| Afskrifað á tímabilinu .. | (974) | (322) | (2.140) | (3.436) |
| Bókfært verð 30/06 .... | 44.776 | 1.931 | 15.490 | 62.198 |
| Stofnverð alls 30/06 ... | 70.388 | 3.219 | 23.150 | 96.757 |
| Afskrifað alls 30/06 .... | (25.612) | (1.287) | (7.660) | (34.559) |
| Bókfært verð 30/06 .... | 44.776 | 1.931 | 15.490 | 62.198 |
| Afskriftarhlutföll ......... | 2-3% | 20% | 20% | |

Fasteignir stofnunarinnar eru metnar með eftirgreindum hætti. Til samanburðar er bókfært verð eignanna.

| | Fasteigna- mat | Vátrygginga- mat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Fasteignin að Skagfirðingabraut 17-21 .... | 27.213 | 95.690 | 32.090 |
| Fasteignin að Háuhlíð 4 ......................... | 30.650 | 55.500 | 12.686 |
| | 57.863 | 151.190 | 44.776 |

## 13. Eignir og skuldir tengdar erlendum gjaldmiðlum og verðtryggingu

| Gengisbundið: | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Gengisbundnar eignir ........................................................ | 8.367.864 | 8.728.795 |
| Gengisbundnar skuldir ...................................................... | 9.793.657 | 12.272.241 |
| Nettó staða gengisbundinna eigna og skulda ...................... | (1.425.793) | (3.543.446) |

| Verðtryggt: | | |
|---|---|---|
| Verðtryggðar eignir .......................................................... | 4.358.358 | 4.650.831 |
| Verðtryggðar skuldir ........................................................ | 5.115.200 | 4.865.650 |
| Nettó staða verðtryggða eigna og skulda ........................... | (756.842) | (214.819) |

## 14. Lántökur

Lántökur sundurliðast þannig eftir eftirstöðvatíma:

| | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Gjaldkræft | 0 | 0 |
| Allt að 3 mánuðum | 164.846 | 2.018.401 |
| Yfir 3 mán. og allt að 1 ári | 1.178.960 | 1.177.660 |
| Yfir 1 ár og allt að 5 árum | 9.226.029 | 8.978.183 |
| Yfir 5 ár | 4.334.328 | 4.963.647 |
| | 14.904.163 | 17.137.891 |

## 15. Eigið fé

Á árinu 2011 var í fjárlögum 2012 fjármálaráðherra veitt heimild til að efla eigið fé Byggðastofnunar um allt að 2.000 m.kr. Af þeirri heimild voru 1.750 m.kr. greiddar stofnuninni í janúar 2012.

Samkvæmt lögum nr. 161/2002 skal eiginfjárhlutfall lánastofnana ekki fara undir 8% af svonefndum áhættugrunni, en í lok tímabilsins var eiginfjárhlutfall stofnunarinnar 10,12%.

Eigið fé og eiginfjárhlutfall samkvæmt eiginfjárákvæðum

| | 30.6.2012 | 31.12.2011 |
|---|---|---|
| Staða í upphafi árs | 266.295 | (497.993) |
| Framlag ríkissjóðs | 1.750.000 | 1.000.000 |
| Tap ársins | (206.439) | (235.712) |
| | 1.809.856 | 266.295 |
| | | |
| Eiginfjárhlutfall | 10,12% | 1,34% |

## 16. Veittar ábyrgðir

Byggðastofnun hefur gengist í ábyrgðir að fjárhæð 404,8 milljónir. Í lok tímabilsins var metin áhætta á því að ábyrgðir falli á stofnunina. Ábyrgðir að fjárhæð 178,8 milljónir, sem líklegar eru til að falla á stofnunina, hafa verið skuldfærðar í ársreikningi. Ábyrgðir utan efnahagsreiknings nema því um 226,0 milljónum í lok tímabilsins.

*Allar fjárhæðir eru í þúsundum króna*

## 17. Önnur mál

Fyrir Héraðsdómi Norðurlands vestra er nú rekið mál þar sem tekist er á um lögmæti erlendra lána sem stofnunin hefur veitt viðskiptavinum sínum og hvort þau teljist lögmæt lán í erlendri mynt eða ólögmæt gengislán. Gert er ráð fyrir að málinu verði áfrýjað til Hæstaréttar á hvorn veginn sem dæmt verður. Vænta má að niðurstaða Hæstaréttar hafi fordæmisgildi varðandi aðra lánasamninga stofnunarinnar í erlendum myntum. Verði niðurstaðan sú að samningarnir séu ólögmætir og lánin skuli endurreiknuð mun það hafa veruleg áhrif á útlánasafn stofnunarinnar. Það er álit Byggðastofnunar og lögmanna hennar að skuldabréf stofnunarinnar séu lán í erlendri mynt en ekki ólögmæt gengislán. Stofnunin hefur því ekki fært sérstakt varúðarframlag á afskriftarreikning vegna þessa.